# Skýrsla um skógræktina á Hallormsstað, umdæmi V árið 1922.

**Skógurinn:** **Grisjun** hefur verið haldið áfram í Suðurskóginum, í Vörðuhrauni, sunnan við Atlavíkurlæk, einnig á svæðinu milli Kerlingarár og Atlavíkur ofan við Selveg. Í Norðurskóginum í Hólunum fram og upp frá Ormsstöðum og dálítið sunnan við veginn til Skriðdals. Þá í partinum og loks blettur neðan við Staðarána við Fljótið.

Af efnivið hafa einkum verið höggnir girðingarstaurar, aðallega í Hólunum. Einnig dálítið í gamla raftaskóginum, klafaefni, sem send voru til Reykjavíkur.

**Girðingin:** Hún þurfti nokkurrar lagfæringar við, eins og vant er, þó ekki í stórum stíl, því veturinn var snjóléttur.

**Frævöxtur:** Vorið var afskaplega kalt og sólarlítið og blómgaðist skógurinn mjög seint, eða ekki fyr en undir miðjan júní. Sumarið allt var einnig óvenju kalt, aldrei heitir dagar á öllu sumrinu. Við miklum frævexti var því ekki að búast. Þó varð fullþroska dálítið af fræi á stæsta skóginum og var safnað um 12 kg. Ribsber urðu ekki fullþroska og er það í fyrsta sinn á seinustu 10-12 árum, bláber sáust varla og hrútaberjaling blómgaðist alls ekki. Reyniviðarfræ varð ekki fullþroska.

**Ársvöxtur:** Í svona köldum sumrum, er ekki að ræða um mikin vöxt á skóginum, enda varð hann minni, en nú í morg ár undanfarin. Þar sem slæm eru vaxtarskilyrði, mun tæplega að ræða um lengdarvöxt í birkiskógi á þessu ari. Lengstu ársprotar hér um 10 þuml.

**Maðkur** var enginn í skoginum á þessu sumri.

**Græðireiturinn:** **Sáð** var ca. 4 kg. af reyniviðarfræi. Endurdreift var nokkru af reynivið og lævirkjaplöntum. Framför á nygræðingnum var eins og við mátti búast mjög litill, vegna kuldanna í sumar.

**Gróðursettar** voru um 100 plöntur af lævirkja í Atlavíkinni, neðan við Atlavíkurstekkinn í halla móti suðvestri.

**Selt var úr græðireitnum** alls 1088 plöntur. Eftir tegundum voru þær þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Víðir | 210 | stk. |
| Lævirki | 262 | - |
| Birki | 262 | - |
| Reyniviður | 306 | - |
| Fura | 6 | - |
| Greni | 2 | - |
| Ribs | 40 | - alls 1088 stk. |

Auk þess látið úti til Gróðurstöðvarinnar á Seyðisfirði:

| | |
|---|---|
| Birki | 500 stk. |
| Reynir | 100 - |

Sendar skógræktarstjóra:

| | |
|---|---|
| Birki | 200 - |
| Reynir | 100 - |
| Lævirki | 50 - |
| Samtals: | 950 stk. |

Undirbúin tilraun með sáningu birkis á skóglausu svæði neðan við Hólaborðin, neðan við veginn til Skriðdals á ¼ dagsláttu á stærð. Til undirbúningsins fóru 26 vinnutímar, sem verða með o/8o aur. = kr. 20.8o.

Byggingar: Málað var eldhús, búr og þvottahús, forstofa og gangur upp á lofti, kústherbergi og loftherbergi. Að utan á timburhlið hússins og annað, sem úr timbri er, svo sem vindskeiðar og fl. Einnig klárað að miklu leyti að innrétta svefnherbergi, niðri í norður enda hússins.

Hallormsstað 11. janúar 1923,
Guttormur Pálsson.